




Breiðdalshreppur

Framtíðarsýn, markmið og verkefnisáætlun
Breiðdælingar móta framtíðina



Breiðdælingar móta framtíðina



Breiðdalsvík

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Framtíðarsýn fyrir Breiðdalshrepp.....	4
Verkefnisstjórn	5
Meginmarkmið	6
1. Áhugaverður búsetu- og áningarstaður	7
2. Trygg atvinna.....	12
3. Góð grunnþjónusta.....	14
4. Öflugt mannlíf.....	17

Inngangur

Verkefnið „Breiðdælingar móta framtíðina“ hófst með íbúafingi í nóvember 2013, sem var vel sótt af íbúum Breiðdalshrepps. Í framhaldi af þinginu vann þáverandi verkefnisstjórn áfram að verkefninu og síðan hafa verið haldnir þrír íbúafundir, sá síðasti í nóvember 2016. Þátttaka íbúa í verkefninu hefur verið góð frá upphafi og markmiðið, að virkja frumkvæði og sköpunargleði íbúanna, hefur náðst að verulegu leyti. Íbúar sem fengið hafa stuðning í formi fjárstyrkja og ráðgjafar eru sammála um að styrkir hafi skipt sköpum varðandi framgang verkefna. Ítarlegar upplýsingar um verkefnið „Breiðdælingar móta framtíðina“ og Brothættar byggðir í heild er hægt að finna á vef Byggðastofnunar, byggdastofnun.is.

Út frá fyrirliggjandi gögnum eru skilgreind fjögur meginmarkmið sem jafnframt tákna þá málaflokka verkefnisins sem settir eru í forgang og styðja þannig framtíðarsýn verkefnisins. Meginmarkmið skulu vera skýr, helst ekki skarast, endurspeglar áherslur íbúa og, eftir því sem kostur er, vera í takti við stefnu stjórnvalda.

Til að skýra hvernig uppfylla skuli meginmarkmið verkefnisins eru skilgreind svokölluð starfsmarkmið. Starfsmarkmiðin eiga að vera sértæk, mælanleg, samþykkt og með tilgreindum ábyrgðaraðila. Þessi markmið skulu vera raunhæf, viðeigandi og tímasett. Markmiðin eru þannig mælanleg og mælikvarðinn er jafnframt skilgreindur í markmiðinu.

Þeirri framtíðarsýn, sem hér er lögð fram og hefur verið samþykkt af verkefnisstjórn fylgir framkvæmdaáætlun sem er sérstakt fylgiskjal framtíðarsýnar fyrir Breiðdalshrepp.

Framtíðarsýn fyrir Breiðdalshrepp 2020

Breiðdalshreppur er fjölskylduvænt samfélag með trausta innviði. Í Breiðdalshreppi ríkir stöðugleiki og festa í hefðbundnum atvinnugreinum, það er sjávarútvegi og landbúnaði.

Fjölbreytni er í öðrum greinum og ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein, sem einkennist af fjölþættu framboði og sókn í þjónustu og afþreyingu.

Sérkenni svæðisins felast í einstakri náttúru, merkri sögu og menningu, matvælagarð og jarðfræði Breiðdalseldstöðvar. Þessir þættir móta uppbyggingu og framþróun í þjónustu við ferðamenn jafnt sem íbúa í Breiðdalshreppi.

Sveitarfélagið hyggst taka ákveðin skref í átt að grænu samfélagi, m.a. með greinargóðri upplýsingagjöf til almennings og fyrirtækja. Með því móti er stefnt að því að auka á upplifun gesta og heimamanna af menningu, kyrrð og náttúru.

Verkefnisstjórn

Í verkefnisstjórn sitja fulltrúar sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa.

Í verkefnisstjórn verkefnisins „Breiðdælingar móta framtíðina“ sitja:

- Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnamála - SSA
- Hákon Hansson, fulltrúi Breiðdalshrepps
- Helga Hrönn Melsteð, fulltrúi íbúa í Breiðdal
- Kristján Þ. Halldórsson, verkefnastjóri Brothættra byggða hjá Byggðastofnun
- Sif Hauksdóttir, fulltrúi íbúa í Breiðdal
- Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú
- Sigríður K. Þorgrímsdóttir, verkefnastjóri Brothættra byggða hjá Byggðastofnun, formaður.



Meginmarkmið

Skilgreind hafa verið meginmarkmið sem eru lykilþættir samfélagsins um hvert eigi að stefna og hvaða leiðir skulu farnar að framtíðarsýn.



1. **Áhugaverður búsetu- og áningarstaður**

2. **Trygg atvinna**



3. **Góð grunnþjónusta**



4. **Öflugt mannlíf**



1. Áhugaverður búsetu- og áningarstaður

Starfsmarkmið

1.1 Endurmeta og bæta upplýsingamiðlun fyrir íbúa og ferðamenn.

Ábyrgð: Sveitarstjórn og ferðaþjónusta í samráði við Vegagerð.

Framkvæmd: Skýrar merkingar á stöðum eins og aðkomu að þéttbýli og ferðamannastöðum. Einnig merkingar á göngu- og reiðleiðum. Birtist m.a. á heimasíðu Breiðdalshrepps.

Verktími: Verklok í lok árs 2017.

1.2 Starfrækt verði upplýsingamiðstöð yfir sumarið.

Ábyrgð: Sveitarstjórn og ferðaþjónusta í Breiðdal.

Framkvæmd: Hugað verði að samstarfi við ferðaþjónustuaðila í sveitarfélaginu og þess verði sérstaklega gætt að byggja upp sameiginlegan vettvang allra aðila.

Verktími: Verk hófst í júní 2016.

1.3 Útbúa skilti sem sýna fjallahringinn í Breiðdal og nöfn fjallanna.

Ábyrgð: Sveitastjórn, verkefnastjórar og ferðaþjónusta í Breiðdal.

Framkvæmd: Kennileiti eru til staðar, ljósmyndir teknar og leitað tilboða í hönnun og staðsetning valin. Uppsetning verður í höndum starfsmanna áhaldahúss.

Verktími: Verkinu verður skipt í tvo áfanga, hefst í mars 2017 og fyrri hluta lýkur vor/sumar 2017 en verklok verða vorið 2018,

1.4 Sett upp kynning á tilurð og uppbyggingu Breiðdalseldstöðvar.

Hvergi í heiminum annars staðar er hægt að ganga í gegnum eldstöð frá botni til tinda, skoða jarðlögin í fjöllum í þversniði, og fá að auki upplýsingar um náttúruna og sögu svæðisins nánast á jafnsléttu.

Ábyrgð: Sveitarstjórn, Breiðdalssetur og félag í Breiðdal.

Framkvæmd: Kynningu komið fyrir á völdum stöðum í Breiðdal. Upplýsingaskiltin við innkeyrslur á Breiðdalsvík verði endurhönnuð og

endurnýjuð. Árið 2017 verði gerð áætlun og verkið afmarkað.

Verktími: Verk hefst í apríl 2017.

- 1.5 **Breiðdalsgáttin (e. pointless door).** Sérstæð hurðarátt á útsýnisstað sem styður við sérstöðu staðarins og ferðaþjónustu í Breiðdal.

Ábyrgð: Verkefnastjórar, félag og einstaklingar í Breiðdal.

Framkvæmd: Hugmyndin verður útfærð nánar og hönnuð, staður fundinn fyrir sumarbyrjun 2017. Hugmyndin er komin frá ungu fólki úr Breiðdal. Þeir sem fara í gegnum dyrnar fá m.a. viðurkenningu og láta taka mynd af sér þar.

Verktími: Verklok júní 2017.

- 1.6 **Próa Breiðdalssetur í átt að jarðfræðisetri sem nýtist í alþjóðlegu námi á háskólastigi.**

G. Walker var þekktasti eldfjallafræðingur 20. aldar í heiminum.

Rannsóknir hans og rannsóknagögn um Breiðdalseldstöð verði nýttar til að svæðið verði sérstakt aðdráttarafl fyrir áhugamenn um jarðfræði.

Ábyrgð: Breiðdalssetur, sveitarstjórn, rannsóknasetur HÍ og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Framkvæmd: Koma á samstarfi Breiðdalsseturs við erlenda háskóla fyrir lok árs 2018.

Verktími: Verk hefst í mars 2017.

- 1.7 **Útgáfa á göngukorti af sunnanverðum Austfjörðum með áherslu á Breiðdal.**

Ábyrgð: Breiðdalssetur, verkefnastjórar og sveitarstjórn í Breiðdal.

Framkvæmd: Afla upplýsinga um gönguleiðir, leita styrkja við hönnun, uppsetningu og prentun. Nýtt kort gefið út árið 2017 og merkingu leiða lokið fyrir árslok 2018.

Verktími: Verk hefst í janúar 2017 göngukortið kemur ú sumarið 2017 em merkingum leiða með líkur í sumarbyrjun 2018.

- 1.8 **Kortleggja og kynna sérstæð og áhugaverð svæði í sveitarfélaginu.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn og verkefnastjórar í samvinnu við ferðaþjónustu í Breiðdal.

Framkvæmd: Tryggja gott aðgengi fyrir alla að tilteknum útsýnisstöðum. Vinna að gerð göngustíga og bílastæða. Áhersla lögð á berggang við Streitishvarf á árinu 2017. Í framhaldinu að lagfæra aðgengi að Flögufossi, Beljanda og Jórvík í samstarfi við Skógræktina. Einnig er mikilvægt að kynna frekar Manndrápshyl við Tinnu og kirkjuna í Heydölum og umhverfi hennar.

Verktími: Verk hefst í mars 2017. Um er að ræða verkefni sem skv. áætlun er þrjú ár.

1.9 **Koma á fyrsta flokks salernisaðstöðu á Breiðdalsvík fyrir ferðamenn.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn í samvinnu við Hótel Bláfell og Byggðastofnun.

Framkvæmd: Samstarfsverkefni Breiðdalshrepps og Hótel Bláfells um að nýta aðstöðu sem nú er til staðar í frystihúsi.

Verktími: Verk hefst í febrúar 2017 og lýkur í byrjun júní 2017..

1.10 **Saga Breiðdalsvíkur sögð við Selnesvita.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnastjórn.

Framkvæmd: Hanna og setja upp myndasýningu í og við Selnesvita. Unnið á árunum 2017 og 2018. Upplýsingar um náttúru, örnefni og sögu Breiðdalsvíkur. Opið yfir sumarið.

Verktími: Verk hefst í febrúar 2017. Verklök sumar 2017

1.11 **Gisting í gömlu eyðibýli, t.d. í Jórvík með áherslu á alþýðulíf fólks á árum áður.**

Ábyrgð: Breiðdalshreppur og Skógræktin sem eigandi Jórvíkur.

Framkvæmd: Skipuleggja menningarsetur sem á sér sögu með möguleika á gistingu og/eða vinnuaðstöðu.

Verktími: Verk hefst í nóvember 2017 og verður unnið veturinn 2017/2018.

1.12 **Marka samræmda stefnu fyrir ferðaþjónustu í Breiðdal.**

Höfuðáhersla verði lögð á menningu og kyrrð.

Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnastjórar og ferðaþjónustuaðilar í samvinnu við Áfangastaðinn Austurland.

Framkvæmd: Vinna markaðssetninguna í samvinnu við auglýsingastofu. Á árinu 2017 starfi starfshópur hagsmunaaðila áfram og skili sameiginlegri stefnu í ferðamálum fyrir Breiðdalshrepp. Samvinna verði við verkefnið Áfangastaðurinn Austurland og fengið leyfi til að nýta niðurstöður þeirra.

Verktími: Verk hefst í febrúar 2017 og verður í stöðugri endurskoðun.

1.13 Tengja framleiðendur matvæla í Breiðdal betur við viðskiptavini.

Ábyrgð: Veitingahús, verkefnastjórar, matvælaframleiðendur á svæðinu.

Framkvæmd: Stuðla að því að veitingastaðir í Breiðdal bjóði upp á matvæli framleidd í Breiðdal og framleiðendur verði gerðir sýnilegir, t.d. með upplýsingum og fróðleik um viðkomandi býli/svæði á matseðlum.

Verktími: Verk hefst í mars 2017. Verklök sumarið 2017.

1.14 Sérstaða Breiðdals í jarðfræði gerð sýnileg fyrir árslok 2017 til að laða fólk til staðarins.

Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnastjórar og Breiðdalssetur.

Framkvæmd: Efla sýnileika jarðfræði Breiðdals með kynningarefni. Að áætlun komist í framkvæmd fyrir árslok 2017.

Verktími: Verk hófst 2016. Langtímaverkefni, sem tekur mið að fsamstarfi við Breiðdalssetur.

1.15 Lýsa upp klettana Hellur, þar sem komið er inn á Breiðdalsvík.

Ábyrgð: Breiðdalshreppur, ferðaþjónustan, verkefnastjórar, skógræktarfélag.

Framkvæmd: Staðsetning fundin, skipulagt á árinu 2017 og sett upp fyrir veturinn 2017/2018. Samtímis verði stefnt að grisjun trjáa sem skyggja orðið á Hellurnar.

Verktími: Verklök október 2017.

1.16 Samræmd upplýsingaskilti fyrir upplýsingar um jarðfræði, sögu og eyðibýli í Breiðdal.

Ábyrgð: Breiðdalshreppur og verkefnastjórar í samvinnu við ferðamálaklasa og Breiðdalssetur.

Framkvæmd: Langtímaverkefni sem verði þróað á árunum 2017 og 2018.

Verktími: Verk hefst í mars 2017.

1.17 Umhverfisverkefni, hreinsun í sveitinni.

Ábyrgð: Íbúar, sveitarfélagið. Langtímaverkefni sem hefst á árinu 2017.

Framkvæmd: Fjarlægja t.d. ónýtar girðingar og annað rusl. Veita umhverfisverðlaun í tengslum við umhverfisátak.

Verktími: Verk hefst í júní 2017.

2. Trygg atvinna

Starfsmarkmið

2.1 Tryggja stöðugleika og frekari aukningu á aflamarki.

Ábyrgð: Byggðastofnun, útgerðin og vinnslan í samráði við sveitarstjórn og verkefnisstjóra.

Framkvæmd: Með byggðafestukvóta Byggðastofnunar.

Verktími: Verk hófst í nóv. 2016, stöðug eftirfylgni.

2.2 Efla verkefni í vinnslu og sölu landbúnaðarafurða.

Ábyrgð: Frumkvöðlar, verkefnastjórar og svæðisstjóri.

Framkvæmd: Hvetja til nýsköpunar í sveitarfélaginu. Sækja um styrki til Byggðastofnunar, Uppbyggingarsjóðs Austurlands, Nýsköpunarmiðstöðvar og fleiri aðila. Vera með reglulega fræðslu og kynningu í nýsköpun.

Ábyrgð: Frumkvöðlar, verkefnastjórar og svæðisstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar.

Verktími: Verk hefst í september 2017.

2.3 Efla landbúnað og styðja við nýliðun.

Ábyrgð: Breiðdalshreppur, verkefnastjórar, stjórnvöld.

Framkvæmd: Leita samstarfs við stjórnvöld um stuðning við unga bændur m.a. með nýtingu ríkisjarða fyrir sauðfjárbúskap.

Verktími: Verk hefst í september 2017. Langtímaverkefni.

2.4 Eitt verkefni í iðnaði hefst á árinu 2016.

Ábyrgð: Frumkvöðlar á Breiðdalsvík, verkefnastjórar.

Framkvæmd: Stefnt er að stöðugri uppbyggingu og aðstoð við iðnaðarfyrirtæki á staðnum.

Verktími: Verk hófst 2016, stöðug eftirfylgni.

2.5 Stuðla að framförum og uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Ábyrgð: Ferðaþjónustuklasi, verkefnastjórar, sveitarstjórn.

Framkvæmd: Með markvissri stefnumótun og markmiðssetningu.

Verktími: Verk hófst 2016, stefnt að því að ljúka stefnumótunarvinnu á árinu 2017.

3. Góð grunnþjónusta Starfsmarkmið

3.1 Til staðar sé leik- og grunnskóli sem þróist í menntasetur.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Framkvæmd: Leikskólinn verði opinn í takt við þarfir atvinnulífs samfélagsins og bjóði upp á lengri viðveru yngri barna í grunnskólanum. Markmiðið er að sameina grunn- og leikskóla.

Verktími: Verk hefst í maí 2017. Framtíðarverkefni.

3.2 Bjóða upp á símenntun.

Ábyrgð: Verkefnastjórar, Austurbrú og samstarf við svæðisstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar.

Framkvæmd: Menntun í formi námskeiða á staðnum eða í fjarnámi. Miða við að námið sé starfstengt, t.d. leiðsögunám og annað fjarnám í samvinnu við Austurbrú. Einnig stutt námskeið um þætti sem tengjast tólmstundum.

Verktími: Verk hefst í september 2017, bjóða að jafnaði upp á námskeið tvisvar sinnum ári.

3.3 Sérstök áhersla verði lögð á málefni eldri borgara.

Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnastjórar.

Framkvæmd: Tryggð verði áfram sú þjónusta sem er til staðar og hún eflað, t.d. með því að senda hádegismat heim til þeirra sem þess óska. Kannaðir möguleikar á flutningi í stærra húsnæði og hvort þörf sé fyrir frekari heimaþjónustu.

Verktími: Verk hefst í janúar 2017, stöðug eftirfylgni.

3.4 Úrbætur í fjarskiptum, háhraðatengingar í Breiðdal.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Framkvæmd: Háhraðanet, þ.e. ljósleiðaratengingar eða sambærilegar tengingar séu til staðar í öllum Breiðdal. Þetta á bæði við dreifbýli og þéttbýli.

Verktími: Verk hófst 2016 Stfent að því að ljúka ljósleiðaravæðingu dreifbýlis á árinu 2017.

3.5 Uppsetning á varmadælum í skóla- og íþróttamannvirkjum.

Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnastjórar, STAPI ehf. Jarðfræðistofa, Ómar Bjarki Smáráson, Orkusjóður.

Framkvæmd: Vinna að verkefni til lækkunar á upphitunarkostnaði við sundlaug, íþróttahús og skólahúsnæði með varmadælum. Sótt verður um styrki frá Orkusjóði til verkefnisins.

Verktími: Verk hefst í september 2017 með kostnaðaráætlun.

3.6 Efla íþrótt- og æskulýðsstarf.

Ábyrgð: Sveitarstjórn, félagasamtök, verkefnastjórar.

Framkvæmd: Bjóða upp á gjaldfrjálsa notkun íþróttamannvirkja fyrir leik- og grunnskóla til að styðja við og efla æskulýðs- og íþróttaiðkun og létta undir með barnafjölskyldum.

Verktími: Verk hófst í janúar 2016. Lýkur haustið 2017.

Önnur starfsmarkmið með aðkomu ríkisvalds og stofnana þess, svo sem Vegagerðar, RARIK og Isavia.

3.7 Bættar samgöngur.

Ábyrgð: Vegagerðin, sveitarstjórn.

Framkvæmd: Lokið verði við lagningu á bundnu slitlagi á alla aðalvegi í Breiðdal. Tryggja þarf góðar vegtengingar við helstu ferðamannastaði og heimreiðum að lögbýlum verði haldið við. Taka upp viðræður við Vegagerðina um að halda uppi vetrarþjónustu á Breiðdalsheiði.

Verktími: Verklok fyrir árið 2020.

3.8 Þriggja fasa rafmagn í dreifbýli.

Ábyrgð: Stjórnvöld, RARIK, sveitarstjórn.

Framkvæmd: Rætt við stjórnvöld um þá möguleika sem eru í boði.

Verktími: Verk hefst í mars 2017.

3.9 Halda Breiðdalsvíkurflugvelli á skrá.

Breiðdalsvíkurflugvöllur var um árabil mikilvægur hlekkur í samgöngum við Breiðdal. Skilyrði í aðflugi voru með því besta sem kostur er á og flugvöllurinn er á öðru veðursvæði en Egilsstaðaflugvöllur. Opnun flugvallarins gæti stutt við fjölbreytni í ferðaþjónustu.

Ábyrgð: Sveitarstjórn, Isavia, verkefnastjórar.

Framkvæmd: Sjá til þess að flugvöllurinn sé nothæfur í neyðartilvikum.

Verktími: Verk hefst í febrúar 2017.

3.10 Tryggt verði að vararafstöð verði til staðar í Breiðdal eða á

Suðurfjörðum Austfjarða.

Ábyrgð: RARIK og Breiðdalshreppur.

Framkvæmd: Tryggja að hægt sé að flytja vararafstöð á staðinn innan tveggja tíma, ef til alvarlegrar bilunar kemur í dreifikerfi.

Verktími: Verklok fyrir september 2017.

4. Öflugt mannlíf

Starfsmarkmið

4.1 Ný heimasíða Breiðdalshrepps.

Ábyrgð: Verkefnastjóri sveitarstjórnarmála hjá Breiðdalshreppi, sveitarstjórn.

Framkvæmd: Lögð er áhersla á upplýsandi og lifandi síðu.

Verktími: Lauk í nóvember 2016, stöðug eftirfylgni.

4.2 Bæta útsendingu sjónvarps og útvarps í Breiðdal.

Mikilvægt er að bæta útsendingarskilyrði útvarps og sjónvarps, m.a. eru skilyrði til móttöku útvarps á Breiðdalsvík slæm í hluta þorpsins. Þá næst útvarpsstöðin Bylgjan ekki í Breiðdal. Tryggja þarf þessa grunnþjónustu.

Ábyrgð: Verkefnastjórar, Breiðdalshreppur.

Framkvæmd: Hafa samband við RUV og 365 til að fá fram úrbætur.

Verktími: Verklok, í árslok 2017.

4.3 Bætt umgengni á Breiðdalsvík.

Hér er um að ræða afar mikilvægan þátt í frekari uppbyggingu ferðaþjónustu og ekki síður mikilvægan fyrir heimafólk. Snyrtimennska eykur sjálfsöryggi og innri vellíðan heimafólks, sem getur þá verið stolt af bænum sínum og umhverfi.

Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnastjórar, fyrirtæki og íbúar.

Framkvæmd: Fjarlæga rusl og úrgang af iðnaðarsvæðum við Selnes og neðan við frystihús, hvetja íbúa til samstöðu varðandi góða umgengni.

Verktími: Verklok 1. júní 2017, stöðug eftirfylgni.

4.4 Tryggja náms- og starfsráðgjöf handa þeim íbúum sem þess óska.

Ábyrgð: Verkefnastjórar í samvinnu við Austurbrú.

Framkvæmd: Austurbrú býður upp á náms- og starfsráðgjöf til að hjálpa fólki við að greina möguleika þess.

Verktími: Verk hefst nóvember 2017, stefnt að tveimur námskeiðum árlega.

4.5 Styðja handverksfólk til að framleiða listmuni og minjagripi og selja.

Ábyrgð: Verkefnastjórar í samvinnu við hönnuði og handverksfólk í Breiðdal.

Framkvæmd: Koma á samstarfi handverksfólks og skipuleggja vinnustofu.

Tilvalið að tengja við upplýsingamiðstöð.

Verktími: Verk hefst vor 2017. Lýkur veturinn 2017/18.

4.6 Leita eftir verkefnum sem byggja á nýsköpun eða þjónustu.

Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnastjórar, verkefnisstjóri nýsköpunar og fyrirtæki á staðnum.

Framkvæmd: Höfða á sérstaklega til ungs fólks. Að gerð verði áætlun um verkefni sem sótt verði til hugmynda hjá ungu fólki úr Breiðdal.

Verktími: Verk hefst í mars 2017, stefnt að árlegum viðburðum þessu tengdu.

4.7 Skilgreina Breiðdal og Djúpavogshrepp sem jarðvang (e. geopark).

Ábyrgð: Breiðdalssetur, verkefnastjórar, Breiðdalshreppur í samvinnu við Djúpavogshrepp.

Framkvæmd: Framkvæma hagkvæmniathugun.

Vinna er á byrjunarstigi í samstarfi við fulltrúa Djúpavogshrepps.

Langtímaverkefni í tengslum við hugsanlegt háskólasetur.

Verktími: Hagkvæmnisathugun unnin á árinu 2017.

4.8 Virkja brottflutta Breiðdælinga.

Ábyrgð: Verkefnastjórar í samstarfi við heimamenn og brottflutta.

Framkvæmd: Endurnýja samskiptasíðuna *Brottluttir ungir Breiðdælingar*.

Safna upplýsingum um brottflutta sem tengjast Breiðdal, finna leið til að virkja þann hóp betur inn í þróun og möguleg verkefni, fá hugmyndir.

Verktími: Verk hefst í janúar 2017. Verklok ráðast af áhuga þeirra sem leitað verður til.

4.9 Festa í sessi mannamót og viðburði.

Ábyrgð: Félög/einstaklingar og sveitarstjórn í Breiðdal.

Framkvæmd: Viðburðadagatal á heimasíðu sveitafélagsins. Efla Breiðdalsdaginn sem haldinn er í október og Meleyrardag fyrri hluta sumars.

Verktími: Verk hófst 2016, stöðug eftirfylgni.

